

**Nd.**

### **237. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 22. [Hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur].

Flm.: Ísleifur Högnason og Einar Olgeirsson.

A. Við 1. gr. c-liður orðist svo:

Lífeyrissjóður Íslands greiðir uppbót á ellilaun og örorkubætur samkv. 80. gr. l. nr. 74 frá 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, er nemi 50% . Á þá upphæð, sem fæst, er þessum hundraðshluta hefur verið bætt við, skal svo greiða uppbót, er nemur sama hundraðshluta og visitala kauplagsnefndar hækkar um, enda greiði hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög tilsvarendi uppbót af sínum hluta. Til þeirra gamalmenna og öryrkja, sem njóta mánaðarlegrar greiðslu, greiðist upphóttin mánaðarlega.

B. d-liður falli niður.